



LÁVV

# Kampýlóbakter í alifuglarækt

*Landsáætlun um varnir og viðbrögð á Íslandi*

# STAÐFESTING Á GILDISTÖKU

## Kampýlóbakter í alifuglarækt

*Landsáætlun um varnir og viðbrögð á Íslandi*

### Ákvörðun

Skv. reglugerð nr. 1048/2011 um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnuvalda skal vakta tiltekna súnur, m.a. kampýlóbakter og skal Matvælastofnun gefa út áætlun um vöktunina.


### Bakgrunnur

Vöktun á kampýlóbakttersmiti í alifuglum hefur verið lögfest í reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun, með síðari breytingum.

Þann 28. júní 2012 gaf Matvælastofnun út áætlun um eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum. Með gildistöku þessarar áætlunar er eldri áætlun felld úr gildi. Í þessari landsáætlun hafa einungis verið gerðar smávægilegar breytingar á orðalagi frá fyrri áætlun, en vöktunin fer fram með óbreyttum hætti.

### Ábyrgð: Dýraheilbrigðisvið og Matvælaöryggis- og neytendamálasvið

Matvælastofnun  
Austurvegi 64  
800 Selfossi  
Sími: (+354) 530 4800  
Fax : (+354) 530 4801  
mast@mast.is  
www.mast.is

  
Jón Gíslason  
forstjóri

## Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	3
2. Tíðni kampýlóbakter .....	3
2.1. Kampýlóbakter í eldishópum kjúklinga .....	3
2.2. Kampýlóbakter í sláturhópum kjúklinga.....	3
3. Þátttaka stofnana og fyrirtækja í eftirliti .....	4
3.1. Matvælastofnun – MAST .....	4
3.2. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga .....	4
3.3. Rannsóknastofur.....	4
4. Alifuglarækt og slátrun .....	5
4.1. Alifuglaræktin .....	5
4.2. Slátrun alifugla .....	6
5. Eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum .....	6
5.1. Markmið.....	6
5.2. Varnaraðferð.....	6
5.3. Skilgreiningar .....	7
5.4. Sýnatökur .....	7
6. Skilgreining á jákvæðum sýnum .....	8
7. Viðbrögð við jákvæðum sýnum.....	8
7.1. Upplýsingaskylda.....	8
7.2. Viðbrögð í eldi og við slátrun.....	8
8. Annað.....	9
8.1. Geymsla niðurstaðna .....	9
8.2. Greiðsla kostnaðar.....	9
8.3. Löggjöf.....	9
8.4. Leiðbeiningar um góðar starfsaðferðir við alifuglarækt .....	9
8.5. Rekjanleiki .....	10

## 1. Inngangur

Landsáætlun um varnir og viðbrögð (LÁVV) við kampýlóbakter í alifuglarækt er sett samkvæmt ákvæðum reglugerðar ESB nr. 2160/2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum (IS gerð nr. 1011/2011). Súnur (sjúkdómar sem smitast á milli manna og dýra) skal vakta samkvæmt tilskipun 2003/99/ESB um vöktun súna (sjúkdóma sem smitast á milli manna og dýra) og súnuvalda (IS gerð nr. 1048/2011), en í viðauka hennar er m.a. kveðið á um vöktun kampýlóbacters.

LÁVV þessari ber að fylgja frá útgáfudegi, en hún er birt á heimasíðu Matvælastofnunar ([www.mast.is](http://www.mast.is)). LÁVV lýsir sýnatökum úr alifuglahópum fyrir og við slátrun, sem og viðbrögðum sem grípa skuli til þegar kampýlóbakter finnst í sýni.

Í 5. kafla er vísað í sýnatökuleiðbeiningar og eyðublöð sem aðgengileg eru á heimasíðu [MAST](http://www.mast.is).

## 2. Tíðni kampýlóbakter

### 2.1. Kampýlóbakter í eldishópum kjúklinga

Ár	Jákvæðir eldishópar	Samtals eldishópar	Hlutfall jákvæðra eldishópa
2003	53	613	9%
2004	60	589	10%
2005	26	575	5%
2006	58	610	10%
2007	42	671	6%
2008	52	609	9%
2009	26	625	4%
2010	41	586	7%
2011	33	628	5%
2012	28	645	4%
2013	9	637	1%
2014	18	628	3%

### 2.2. Kampýlóbakter í slátrhópum kjúklinga

Ár	Jákvæðir slátrhópar	Samtals slátrhópar	Hlutfall jákvæðra slátrhópa
2003	117	701	17%
2004	128	665	19%
2005	66	636	10%
2006	90	730	12%
2007	69	777	9%
2008	82	706	12%
2009	53	702	8%
2010	88	668	13%
2011	60	695	9%
2012 <sup>1)</sup>	26	589	4%
2013 <sup>1)</sup>	8	429	2%
2014 <sup>1)</sup>	14	405	4%

<sup>1)</sup> Eftir júní 2012: sýni eru einungis tekin úr slátruhópum ef afurðum þeirra verður dreift ófrystum eða óhitameðhöndluðum á markað. Engin sýni eru tekin yfir vetrarmánuðina, frá og með nóvember til og með mars.

### 3. Þátttaka stofnana og fyrirtækja í eftirliti

#### 3.1. Matvælastofnun – MAST

MAST starfar samkvæmt lögum nr. 80/2005 um Matvælastofnun og reglugerð nr. 1/2008 um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar. MAST heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (ANR).

Við umdæmisskrifstofur MAST starfa héraðs- og eftirlitsdýralæknar og á aðalskrifstofu starfar m.a. sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma sem sinnir verkefnum sem tengjast heilbrigði og velferð alifugla. Sérgreinadýralæknir alifuglasjúkdóma hefur yfirumsjón með sýnatökum í alifuglarækt en sérgreinadýralæknir heilbrigðiseftirlits hefur yfirumsjón með eftirliti í slátrun og við vinnslu afurða. Héraðs- og eftirlitsdýralæknar framkvæma eftirlit á alifuglabúunum og í alifuglaslátruhúsum landsins og taka opinber sýni samkvæmt áætluninni. Samkvæmt matvælalögum er frumframleiðsla á alifuglaafurðum leyfis skyld og gefur MAST leyfin út.

MAST ber ábyrgð á gerð, útgáfu og endurskoðun LÁVV.

MAST sér um innsöfnun gagna og niðurstaðna sem verða til vegna áætlunarinnar, greiningu á þeim og útgáfu sbr. ákvæði reglugerða þar um. Stofnunin birtir mánaðarlega niðurstöður úr eftirliti með kampýlóbakter í alifuglarækt á heimasíðu sinni og sendir árlega skýrslu til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (EFSA).

MAST er aðili að viðvörunkerfi Evrópusambandsins fyrir hættulegt fóður og matvæli (RASFF).

#### 3.2. Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga

Umdæmi Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES) eru 10 talsins og hafa þau eftirlit með dreifingu afurða alifugla í smásölu. Að hluta til felst eftirlit þeirra einnig í sýnatökum vegna efna- og örverurannsókna á matvælum á markaði. Auk framangreinds eftirlits eru framkvæmd sérstök eftirlitsverkefni með kampýlóbakter í afurðum alifugla á markaði sem MAST skipuleggur í samvinnu við HES.

#### 3.3. Rannsóknastofur

##### 3.3.1. Rannsóknaaðferðir

Einangra og staðfesta skal kampýlóbakter sýkla í saursýnum, botnlangasýnum eða hálsaskinnsýnum samkvæmt ISO 10272-1:2006(E) 'Microbiology of food and animal feeding stuffs — Horizontal method for detection and enumeration of Campylobacter spp. Part 1: Detection method', eða skv. NMKL aðferðinni nr. 119, 3rd Edition, 2007 eða öðrum sambærilegum greiningaaðferðum viðurkenndum af Matvælastofnun.

##### 3.3.2. Innlendar tilvísunarrannsóknastofur – NRL

Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum er innlenda tilvísunarrannsóknastofan fyrir kampýlóbakter í alifuglum og alifuglaafurðum.

### 3.3.3. Opinberar rannsóknastofur – OL

Opinber rannsóknastofa (OL) er rannsóknastofa sem hefur verið tilnefnd af MAST sem hæf til að annast mælingar á sýnum sem tekin eru í opinberu eftirliti með búfjárrækt, matvælum og fóðri. Lista yfir opinberar rannsóknastofur er að finna á [heimasíðu Matvælastofnunar](#).

MAST hefur tilnefnt Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum sem OL í ræktun á kampýlóbakter en Keldur hafa hlotið faggildingu fyrir greiningu með aðferðinni NMKL Nr. 119, 3<sup>rd</sup> edition, 2007 (modified) fyrir matvæli, stroksýni og saursýni.

MAST hefur tilnefnt Mátis ohf. sem opinbera rannsóknarstofu í ræktun á kampýlóbakter en Mátis ohf. hefur faggildingu fyrir greiningu með aðferðinni NMKL Nr. 119, 3<sup>rd</sup> edition, 2007 fyrir matvæli þ.m.t. alifugla og afurðir þeirra.

MAST hefur tilnefnt Sýni ehf. sem opinbera rannsóknastofu í ræktun á kampýlóbakter en Sýni ehf. hefur faggildingu fyrir greiningu með aðferðinni NMKL Nr. 119, 3<sup>rd</sup> edition, 2007, fyrir matvæli þ.m.t. alifugla og afurðir þeirra og stroksýni.

Allar ofangreindar rannsóknastofur, bæði NRL og OL, hafa verið metnar og fengið faggildingu samkvæmt ÍST EN ISO/IEC 17025. Matið er framkvæmt af SWEDAC (Swedish Accreditation Body) fyrir hönd ISAC (Icelandic Board for Technical Accreditation) samkvæmt samningi milli þessara tveggja faggildingaraðila.

## 4. Alifuglarækt og slátrun

### 4.1. Alifuglaræktin

Framleiðsla alifugla á Íslandi er háð reglulegum innflutningi erfðaeftnis enda eru foreldrafuglahópar allra alifuglategunda fluttir inn sem frjóegg. Einangrunar er krafist á útungunarstöðvum og við uppeldi stofnfugla. Sækja þarf um hvern innflutning og ef hann er heimilaður er hann undir eftirliti MAST.

Tafla 1. Fjöldi alifuglabúa í kjötframleiðslu árið 2014

Alifuglabú	Stærðir búa (fjöldi fugla), tegund og fjöldi þeirra					Alls bú
	250 – 999	1.000 – 2.999	3.000 – 9.999	10.000 – 49.999	>= 50.000	
Stofnfuglar kjúklinga – uppeldi			2	3		5
Stofnfuglar kjúklinga – fullorðnir fuglar			2	2		4
Stofnfuglar kalkúna - uppeldi			2			2
Stofnfuglar kalkúna – fullorðnir fuglar	1					1
Kjúklingar		1	7	15	4	27
Kalkúnar		2	2			5

#### 4.1.1. Kjúklingar - *Gallus gallus*

Innflutningur stofnfugla er háður takmörkunum og skilyrðum samkvæmt lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra. Frjóegg eru flutt inn frá Svíþjóð. Í dag eru allir kjúklingar af sama stofni (Ross 308). Fjórar útungunarstöðvar eru fyrir kjúklinga í landinu en framleiðslan er aðallega staðsett á Suður- og Suðvesturlandi, en einnig á Norðurlandi.

#### 4.1.2. Kalkúnar

Innflutningur stofnfugla er háður takmörkunum og skilyrðum samkvæmt lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra. Frjóegg eru flutt inn frá Bretlandi. Kalkúnastofninn er frá British United Turkeys. Ein útungunarstöð er fyrir kalkúna og er framleiðslan hjá einum framleiðanda á Suðvesturlandi.

#### 4.1.3. Endur og aðrir alifuglar

Innflutningur stofnfugla er háður takmörkunum og skilyrðum samkvæmt lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra. Frjóegg eru flutt inn frá Bretlandi. Andastofninn er af einum ættlegg, White Peking Ducks frá Cherry Valley. Ein útungunarstöð er fyrir endur og þær eru framleiddar á einu búi á Suðausturlandi. Frá árinu 2013 hafa ekki verið ræktaðar endur hérlendis til slátrunar.

## 4.2. Slátrun alifugla

### 4.2.1. Sláturhús

Á Íslandi eru þrjú alifuglasláturhús sem slátra kjúklingum og holdahænum. Eitt þeirra slátrar einnig kalkúnum og stundum varphænum.

#### 4.2.1. Yfirlit yfir slátrun alifugla

Tafla 2. Slátrun alifugla frá 2009 - 2013. Fjöldi og magn.

	2009		2010		2011		2012		2013	
	Fjöldi	Tonn	Fjöldi	Tonn	Fjöldi	Tonn	Fjöldi	Tonn	Fjöldi	Tonn
Holdahænur	25.596	78	35.648	103	35.225	98	39.702	77	30.685	96
Kjúklingar	4.533.721	6.870	4.283.876	6.555	4.611.446	6.904	4.965.469	7.505	4.884.861	7.573
Kalkúnar	34.809	192	38.295	247	42.809	239	40.982	251	41.724	227
Endur	2.511	0.006	4.502	0.01	6.396	0.01	1.367	0,003		

## 5. Eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum

### 5.1. Markmið

Markmið áætlunarinnar er að minnka hættu á að neytendur smitast af kampýlóbakter við neyslu alifuglaafurða. Sýkingar í fólki hafa fyrst og fremst verið raktar til neyslu kampýlóbakter mengaðs kjúklingakjöts. Þess vegna miðar þessi áætlun að því að halda tíðni allra sermisgerða kampýlóbakter í ófrosnu eða óhitameðhöndluðu alifuglakjöti í lágmarki, sérstaklega í kjöti úr kjúklingum.

### 5.2. Varnaraðferð

Áhættustýringin beinist fyrst og fremst að frumframleiðslu. Með ströngum smitvörnum er reynt að koma í veg fyrir að kjúklingahópar og aðrir alifuglahópar smitist af kampýlóbakter í eldi og á leiðinni í sláturhúsið. Allir alifuglahópar eru vaktaðir m.t.t. kampýlóbakter rétt fyrir slátrun til þess að geta gripið til áhættuminnkandi aðgerða ef kampýlóbakter finnst í hópi, en við slátrun getur kjötið mengast af smituðum kjúklingum. Kjöt frá smituðum hópum skal frysta í að minnsta kosti tvær vikur áður en kjötið fer í dreifingu. Með þessari aðgerð er hægt að minnka hættu á að neytendur smitist, um allt að 90%, því við frystingu fækkar kampýlóbakttersýklum í kjöti.

### 5.3. Skilgreiningar

Alifuglahópur = eldishópur. Er skilgreindur í reglugerð nr. 1011/2011 en þar segir: „Allir alifuglar við sama heilbrigðisástand sem haldnir eru í sama húsnæði eða innan sömu girðingar og mynda eina faraldsfræðilega einingu, ef um er að ræða alifugla sem hafðir eru í húsi eru meðtaldir allir fuglar sem deila sama loftrými.“

Sláturhópur: Eldishópur eða hluti af eldishópi sem slátrað er á sama degi.

Frysting: Afurðir uppfylla kröfur um frystingu þegar þær hafa verið frystar í a.m.k tvær vikur fyrir dreifingu.

Hitameðhöndlun: Afurðir uppfylla kröfur um hitameðhöndlun þegar ekki finnst kampýlóbakter í 25g eftir hitameðhöndlun.

Stjórnandi: Sá aðili sem er ábyrgur fyrir rekstri viðkomandi starfsemi (oftast leyfishafi).

### 5.4. Sýnatökur

#### 5.4.1. Sýnatökur úr alifuglahópum í eldi (eldissýni)

Ef ætlunin er að dreifa afurðum eldishópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum, skal stjórnandi taka eitt safnsýni með 10 saursýnum innan 5 daga fyrir slátrun, óháð stærð eldishópsins.

Safnsýnið er samsett úr 10 sýnum af nýjum saur, að lágmarki 25g samtals, óháð stærð eldishópsins. Saursýnin skulu tekin víðsvegar úr eldishúsinu og sett í nýtt, hreint ílát. Við sýnatökur skal nota einnota hanska. Sjá sýnatökuleiðbeiningar [LBE-camp1](#).

#### 5.4.2. Sýnatökur úr alifuglahópum við slátrun (slátursýni)

Á tímabilinu frá 1. apríl til 31. október skal stjórnandi sláturhúss taka eitt safnsýni með tíu botnlangasýnum úr hverjum sláturhópi óháð stærð sláturhópsins, ef ætlunin er að dreifa afurðum sláturhópsins ófrystum eða óhitameðhöndluðum.

Frá 1. nóvember til 31. mars er ekki gerð krafa um að tekin séu botnlangasýni við slátrun alifugla.

Botnlangasýni eru tekin úr 10 tilviljunarkennt völdum skrokkum óháð stærð fuglahópsins, með sótthreinsuðum hnífi eða með því að slíta þá lausa. Botnlangasýnum er safnað í nýtt, hreint ílát.

Í undanþágutilfellum getur Matvælastofnun leyft að tekin séu hálsaskinnssýni í stað botnlangasýna við slátrun kalkúna, þegar erfitt er að taka botnlangasýni. Hafi Matvælastofnun veitt undanþágu fyrir töku hálsaskinnssýna við kalkúnaslátrun, þá skal stjórnandi sláturhúss taka hálsaskinnssýni af a.m.k. 10 tilviljunarkennt völdum skrokkum með sótthreinsuðum hnífi. Hálsaskinnssýni eru tekin með sama hætti og sýni vegna eftirlits með salmonellu við slátrun alifugla skv. reglugerð 135/2010 með síðari breytingum (EB/2073/2005), sjá [leiðbeiningar](#), kafli 4.2. Sýnataka af alifuglum til greiningar á salmonellu. Heimilt er að nota safnsýnið sem tekið er vegna eftirlits með salmonellu í slátrun til greiningar á kampýlóbakter.



### 5.4.3. Sending og meðferð sýna

Stjórnandi skal senda safnsýnið á opinbera rannsóknastofu til rannsóknar ásamt upplýsingum sem óskað er eftir á [eyðublaði](#) sem Matvælastofnun gefur út eða öðru eyðublaði, en eftirtaldir upplýsingar skulu a.m.k. koma fram:

- Sendandi sýnis = sýnatökuaðili
- Eigandi sýnis og greiðandi sýnis ef annar en eigandi sýnis
- Dagsetning sýnatöku
- Hvaða rannsókn óskast
- Fjöldi einstaklingssýna og fjöldi safnsýna
- Rekjanleikanúmer, auðkenni hóps
- Fuglategund
- Ástæða rannsóknar (t.d. skv. áætlun um eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum / vegna innra eftirlits fyrirtækis / önnur ástæða)

Sýnin skulu send opinberri rannsóknastofu innan við 24 klst. frá sýnatöku. Ef, vegna óviðráðanlegra ástæðna, ekki er hægt að senda sýni innan við 24 klst. skal geyma það í kæli við 2-8°C. Á rannsóknastofu skulu sýnin rannsökuð innan við 24 klst. frá móttöku sýnis og innan við 48 klst. frá töku sýnis. Annars telst sýnið ekki rannsóknarhæft.

Sýnin mega hvorki frjósa né vera meðhöndluð á þann hátt að það hafi neikvæð áhrif á niðurstöður rannsókna.

## 6. Skilgreining á jákvæðum sýnum

Eldis- eða sláturhópur telst jákvæður með tilliti til kampýlóbakter þegar rannsóknastofa hefur greint kampýlóbakter spp. í sýni.

## 7. Viðbrögð við jákvæðum sýnum

### 7.1. Upplýsingaskylda

Stjórnendur skulu upplýsa MAST í mánaðarlegum skýrslum um niðurstöður sýnataka. Í skýrslum skulu a.m.k. koma fram niðurstöður sýna úr hópum alifugla ef afurðum þeirra var dreift ófrystum eða óhitameðhöndluðum, með dagsetningu sýnatöku og rekjanleikanúmeri og dagsetningu slátrunar.

### 7.2. Viðbrögð í eldi og við slátrun

Afurðum sláturhóps má dreifa óhitameðhöndluðum eða ófrystum þegar fyrir liggja niðurstöður úr eldissýnum viðkomandi sláturhóps um að ekki hafi greinst kampýlóbakter og að sýnið sé ekki eldra en 5 daga gamalt við slátrun.

Þegar kampýlóbakter greinist í sláturhópi skal frysta eða hitameðhöndla allar afurðir sláturhópsins sem ekki hefur verið dreift frá sláturhúsi.

Ef kampýlóbakter greinist í sýni á eldistímanum eða niðurstöður rannsókna úr eldissýni liggja ekki fyrir við slátrun eða sýnið er ógilt, þá skulu sláturafurðir viðkomandi sláturhóps allar frystar eða

hitameðhöndlaðar. Í þeim tilvikum þar sem niðurstöður rannsókna úr eldissýni liggja ekki fyrir eða niðurstöður eru ógildar við slátrun er heimilt að slátra hópnum og bíða með frystingu eða hitameðhöndlun þar til niðurstöður úr slátursýni liggja fyrir. Greinist kampýlóbakter í slátursýni er óheimilt að dreifa afurðum ófrystum eða óhitameðhöndluðum.

Greinist kampýlóbakter í fuglahópi, skal stjórnandi kanna uppruna smits og gera umbætur eftir því sem við á.

## 8. Annað

### 8.1. Geymsla niðurstaðna

Stjórnanda ber að geyma niðurstöður greininga í a.m.k. 5 ár.

### 8.2. Greiðsla kostnaðar

Allur kostnaður vegna töku og rannsókna sýna er greiddur af stjórnendum.

### 8.3. Löggjöf

Áætlun þessi um eftirlit með kampýlóbakter í alifuglum er gefin út í samræmi við eftirtalin ákvæði:

- Tilskipun 2003/99/EB (Reglugerð nr. 1048/2011) um vöktun súna (sjúkdóma sem berast á milli manna og dýra) og súnvalda.
  - Skv. 6. grein skal Matvælastofnun safna gögnum um tilvist súna.
  - Skv. 7. grein ber matvælafyrirtækjum að tilkynna strax til Matvælastofnunar jákvæðar greiningar á súnvöldum.
  - Skv. 8. grein og viðauka II skal Matvælastofnun tryggja að til verði samanburðarhæf gögn um lyfjapol súnvaldandi baktería.
- Reglugerð (EB) nr. 2160/2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum (IS rgl. nr. 1011/2011).
  - Í A lið í II. viðauka eru skilgreindar kröfur til innlendra varnaráætlana.
- Reglugerð (EB) nr. 882/2004 um opinbert eftirlit (IS rgl. nr. 106/2010).
  - Í þriðja kafla koma fram kröfur um sýnatökur og greiningar.
- Reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun með síðari breytingum.
- Reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár.
- Lög nr. 93/1995 um matvæli.
  - Meginreglan skv. 1. mgr. 25. grein er sú að fyrir eftirlit samkv. lögnum skuli matvælafyrirtæki greiða eftirlitsgjald sem ekki sé hærra en raunkostnaður við eftirlitið.
- Reglugerð nr. 567/2012 um gjaldskrá fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar
  - Í 8. grein segir m.a.: "kostnaður vegna annarra rannsókna og greininga skal greiðast af eftirlitspola samkvæmt raunkostnaði."

### 8.4. Leiðbeiningar um góðar starfsaðferðir við alifuglarækt

Á árunum 2000 og 2003 lét Félag kjúklingaframleiðenda útbúa efni um uppsetningu á innra eftirliti í kjúklingaeldi sem Rannsóknastofan Sýni ehf. útbjó. Í dag styðst hluti kjúklingabænda við þessar

leiðbeiningar. Tveir stærstu framleiðendurnir kjúklinga á Íslandi hafa sett upp eigið kerfi um innra eftirlit sem þeir nota í dag.

### 8.5. Rekjanleiki

Í útungunarstöðvum er hver unghópur auðkenndur með rekjanleikanúmeri. Númerið er tíu stafa númer með upplýsingum um framleiðanda, klakár og klakviku unganna og húsnúmer sem ungarnir verða aldir í. Rekjanleikanúmer fylgir hópnum við flutning í önnur hús og til slátrunar skv. reglugerð nr. 916/2012 um merkingar búfjár.

Allar umbúðir óhitameðhöndlaðra alifuglafurða eru merktar með rekjanleikanúmeri samkvæmt reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa, slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðissskoðun auk áorðinna breytinga.